

L Ö G

um

að veita sjera **Friðriki Hallgrímssyni ríkisborgararjett.****12**
8. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararjettur veitist síra Friðriki Hallgrímssyni, sem er fæddur á Íslandi en hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Christiansborgarhöll, 8. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

L Ö G

um

sektir.

13
8. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ekki má gera manni á hendur lægri sekt en 5 krónur og eigi hærri en 10000 krónur, hvort sem sekt er ákveðin í dómi, úrskurði dómara eða

13 yfirvalds eða í sátt fyrir dómara eða yfirvaldi, nema sjerstök lagaheimild sje
8. júní til að ákveða sekt hærri eða lægri.

Nú eru fleiri en einn sekir um sama brot eða sömu brot, og skal þá gera sekt á hendur hverjum þeirra.

Ákveða skal í dómi, úrskurði eða sátt frest til sektargreiðslu.

2. gr.

Nú greiðist ekki sekt, sem gerð er á hendur manni samkvæmt 1. gr., og skal hann þá afplána sektina eða það, sem ógreitt er af henni, í einföldu fangelsi, er ákveðið sje í dómi, úrskurði eða sátt, þó þannig, að í stað hvernar 200 króna sektar komi aldrei meira en 20 daga fangelsi, enda má fangelsisvist aldrei nema meiru en 3 árum og ekki minna en 2 dögum.

Nú greiðist sekt að nokkru leyti, og skal þá sá dómur eða það yfirvald, er sekt ákvað í öndverðu, kveða á um fangelsisvist fyrir það, sem ógreitt er, eftir sömu reglum sem áður segir.

3. gr.

Ef sá, er misgert er við, á að fá sekt eða hluta af henni, þá má hann heimta sekt með aðför. En að því leyti sem sekt greiðist ekki, skal fara um afplánun hennar eins og í 2. gr. segir, enda krefjist sá afplánunar, er sekt skyldi taka.

4. gr.

Nú er manni boðið með dómi eða úrskurði, eða hann gengst undir það með sátt, að gegna einhverri lagaskyldu í þágu ríkis, sveitarfjelags eða sýslufjelags eða annars í þágu almennings, og lögð sekt við, ef aðili innir eigi af hendi skyldu sína innan tiltekins tíma, og skal hann þá, vinni hann hvorki verkið nje greiði sektina, eftir því sem hún fellur á hann, afplána hana samkvæmt 2. gr., eftir kröfu þess, sem heimtingu á til þess, að dómi, úrskurði eða sátt verði fullnægt. Þó skal gæta þess, að afplánun fari ekki fyrsta skifti fram úr eins mánaðar fangelsi, og að 4 vikur líði frá því að aðili hefir sætt þeirri refsingu þangað til hann tekur að afplána sekt af nýju, en þá má heimta, að hann afpláni samkvæmt 2. gr. þær sektir, er safnast hafa saman frá lokum síðustu fangelsisvistar, og svo framvegis á sama hátt, hvert skifti sem 4 vikur eru liðnar frá því er aðili lauk síðustu fangelsisvist.

5. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar annast um afplánun sekta.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925.

Frá sama tíma er úr lögum numin 31. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og tilskipun s. d. um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum,

Nú er sekt gerð á hendur manni áður en lög þessi öðlast gildi, enda hafi hann þá ekki greitt eða afplánað sekt að fullu, og ákveður þá dómsmálaráðherra fangelsisvist til þess að afplána sektina eða það af henni, sem þá er ógreitt, í samræmi við lög þessi, enda verði hlutur sökunauts þá betri en hann hefði orðið eftir hinum eldri fyrirmælum. Þó skal engum leyft að afplána sektir í fangelsi við vatn og brauð eftir að lög þessi eru komin til framkvæmdar.

13
8. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Christiansborgarhöll, 8. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

LÖG

um

breyting á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

14
8. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Upphaf 1. gr. skal orða svo:

Engan áfengan drykk eða áfengisvökva má flytja o. s. frv.

Aftan við sömu gr. komi ný málgr., svo hljóðandi:

Brot samkvæmt þessari grein er fullframið, þegar áfengi er flutt inn í landhelgi í því skyni að koma því, beinlínis eða fyrir milligöngu annara, hjer á land eða til sölu eða neyslu í landhelgi eða í íslenskt skip til sölu eða neyslu. En landhelgi telst 4 sjómíllur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sje talið